



Fundargerð

454. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur.
Þriðjudaginn 16. júní 2020, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Gestur á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað var Jóhann Þórðarson endurskoðandi.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þjár blaðsíður.

Oddviti setti fundinn og bauð fólk velkomið, hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins, dagskrá eða gögn. Engar athugasemdir komu fram. Þá spurði oddviti um önnur mál á dagskrá. Fram komu fimm mál og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 453. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Fundur í stjórn Barmahlíðar 16. júní 2020.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 Ársreikningur Barmahlíðar 2019.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leiti.

3. 43. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn vísar málefni um starfshóp til stjórnar Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samstarfssamning aðildafélaga að BsVest.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Mál til afgreiðslu

1. 2005016 - Ársreikningur Reykhólahrepps 2019, síðari umræða.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi fór yfir endurskoðun ársins 2019.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Reykhólahrepps og stofnana hans árið 2019, samþykkt samhljóða.

2. 2006019 - Forsetakosningar 27. júní 2020, kjörskrá.

Lagður er fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá Íslands. Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við kjörskrárstofninn. Sveitarstjórn samþykkir kjörskrá og skal hún liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kjördegi. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi í samræmi við 1. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands og 27. gr. laga um Alþingiskosningar. Samþykkt samhljóða.

3. 2006026 - 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga.
Fyrir liggur fundarboð á Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var í fjarfundi 27. maí 2020.

ÁHH, JÖE, og ÁÝS mættu á þingið fyrir hönd Reykhólahrepps.

4. 2004018 - Umhverfissvottun Vestfjarða, frestað frá síðasta fundi.

Sveitarstjórn hefur farið yfir gögnin. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt samhljóða.

5. 2006025 - Tilboð í húseignina Hólatröð 1.

Fyrir liggur tilboð að upphæð 21 milljón fyrir eignina. Sveitarstjóra falið að gera gagntilboð á eignina í samræmi við umræður á fundi. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

1. Fundargerð fjallskilaneftndar.

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.
Farið var yfir leitardaga haustsins.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

2. 2006033 - Rekstraryfirlit Reykhólahreppur jan-apr 2020.

Lagt fram til kynningar.

3. 2006029 – Starfsmannamál og fleira.

- a. Lagt er fram tilboð í aðstoð við starfsmannamál. Tilboð samþykkt samhljóða,
- b. Rætt um áætlun sorphreinsunar og kaup á bifreið fyrir sorphreinsun.

4. 2005028 - Framkvæmdir í Flatey, endurnýjun bryggju og bygging sjóvarna.

4.1 Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni til Reykhólahrepps á grundvelli 13. mgr. skipulagslaga 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 við gerð sjóvarnar í Flatey.

Verkið felur í sér byggingu á sjóvörn við gamla þorpið á um 30 metra kafla og er áætlaður verktími um tvær vikur. Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð fyrir Flatey og er m.a. að hluta til innan 15 metra verndarsvæðis við Stóragarð sem er friðað mannvirki. Samkvæmt 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 auglýsti sveitarstjórn hina fyrirhuguðu framkvæmd og gafst athugasemdafrestur frá 25. maí til 15. júní. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi og fylgigögn auk umsagna Minjastofnunar Íslands og Breiðafjarðarnefndar. Það er mat sveitarstjórnar að framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt og að hönnunargögn séu fullnægjandi. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir, sbr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Minjastofnun Íslands gerir ekki aðrar athugasemdir við framkvæmdina en að hún verði auglýst og kynnt samkvæmt 6. grein laga um verndarsvæði í byggð og að stofnuninni verði tilkynnt um upphaf framkvæmda áður en þær hefjast svo hún geti haft eftirlit við framkvæmdina.

Framkvæmdin hefur verið auglýst og mun Minjastofnun verða tilkynnt um upphaf framkvæmda.

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við framkvæmdina en bendir á að uppfylla þurfi skilyrði varðandi verndarsvæði í byggð.

Skilyrðum um verndarsvæði í byggð hefur verið uppfyllt með auglýsingu á umsókn framkvæmdaleyfisins áður en ákvörðun sveitarstjórnar liggur fyrir.

Með vísan til framangreinds samþykkir sveitarstjórn að veita framkvæmdaleyfi fyrir gerð sjóvarnar í Flatey. Skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og gefa út framkvæmdaleyfi. Samþykkt samhljóða.

4.2 Verksamningur

Lagður er fyrir samningur Vegagerðarinnar og Reykhólahrepps við Bryggjuverk varðandi framkvæmdir í Flatey. Samningur samþykktur samhljóða, til verkefnisins fer fjármagn sem kom til sveitarfélagsins í formi byggðastyrks.

5. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Farið yfir fundargerðina.

Sveitarstjóra veitt umboð að undirrita nýtt samkomulag við sambandið um samningsumboð. Samþykkt með þremur atkvæðum, tveir sátu hjá II og KK.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:30
